



Hestamannafélagið Glaður

Brekkuhvammi 10
370 Búðardal
www.gladur.is

Aðalfundur 24. mars 2010

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn í Leifsbúð í Búðardal 24. mars 2010.

Á fundinn mættu 16 félagsmenn.

Eypór Jón Gíslason, formaður, setti fund kl. 20:35 og bauð fundarmenn velkomna. Þá var gengið til dagskrár.

1. Formaður stakk upp á að Guðbjörn Guðmundsson yrði fundarstjóri og Þórður Ingólfsson fundarritari og var þetta samþykkt. Guðbjörn tók þá við stjórn fundarins.

2. Skýrsla stjórnar.

Formaður fékk orðið og sagði frá því helsta úr starfi félagsins á liðnu starfsári. Hann sagði frá mótum sem haldin voru á árinu, byggingu reiðhalla, sameiginlegum skemmtifundi með Hrossaræktarsambandinu og reiðnámskeiði. Hann ræddi sérstaklega vel heppnað Hestaþing. Fram kom að félagar hafa nú aðgang að WorldFeng í gegnum félagsaðildina. Eypór sagði frá þeim reiðnámskeiðum sem nú eru í gangi og frá Fjórðungsmóti Vesturlands. Hann minntist á reiðvegagerð og nefndi sérstaklega miklar betrubætur við Laxá. Hann þakkaði Vegagerðinni gott samstarf. Að lokum þakkaði Eypór gott samstarf í félaginu.

Ritari, Þórður Ingólfsson fékk orðið og sagði frá því að félögum hefði nú heldur fjölgað. Hætt höfðu 11 en 16 komið inn og var klappað fyrir þeim. Félagar eru nú 147.

3. Gjaldkeri, Valberg Sigfússon fékk orðið og lagði fram og grein fyrir reikningum félagsins. Heildargjöld voru á árinu 2009 2.898.379 en tekjur 3.298.576 og rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir var því 400.197 en með afskriftum 351.650. Á efnahagsreikningi 31.12.2009 eru eignir samtals 9.124.005 og skuldir og eigið fé sömuleiðis 9.124.005. Reikningarnir eru undirritaðir af gjaldkera og af skoðunarmönnum félagsins.

4. Guðbjörn gaf orðið laust um reikninga félagsins og um skýrslu stjórnar. Nokkur umræða varð um ýmis atriði. Guðbjörn bar svo upp reikningana og voru þeir samþykktir í einu hljóði. Guðbjörn gaf þá aftur orðið laust um skýrslu stjórnar. Sigurður Hrafn Jökulsson ræddi um skemmtifundinn sem var vel heppnaður en því miður ekki fjölmennur. Umræða varð um skemmtanahald félagsins.

5. Reikningar voru bornir undir atkvæði undir 4. dagskrárlið.

6. Kosningar skv. 6. grein.

- Ritari var endurkjörinn til 3 ára Þórður Ingólfsson og Rúnar Jónasson til vara.
- Valberg baðst undan endurkjöri sem gjaldkeri. Eypór stakk upp á Svölu Svavarsdóttur sem gjaldkera til næstu 3 ára og var það samþykkt. Varagjaldkeri var endurkjörinn Halldór Gunnarsson.
- Þar sem Svala er orðinn gjaldkeri var stungið upp á Valberg Sigfússyni sem varaformanni til 2 ára og var það samþykkt.

- Sigurður Hrafn Jökulsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga til 2 ára.
- Stjórn var falið að sjá um að útvega fulltrúa á sambandsþing UDN.

7. Kosning nefnda. Eftirfarandi nefndir voru kjörnar:

Fræðslunefnd

Gyða Lúðvíksdóttir, formaður
Sigrún Hanna Sigurðardóttir
Gilbert Hrappur Elísson

Reiðveganefnd

Guðbjörn Guðmundsson, formaður
Kári Lárusson
Ólafur Guðjónsson

Fulltrúi Glaðs í reiðveganefnd Vesturlands
Eyþór Jón Gíslason

Mótanefnd

Einar Jón Geirsson, formaður
Friðjón Guðmundsson
Ingibjörg Eyþórsdóttir
Skjöldur Orri Skjaldarson
Svanhvít Gísladóttir

Tölvu- og tækninefnd

Þórður Ingólfsson, formaður
Ásgeir Salberg Jónsson
Herdís Erna Gunnarsdóttir
Svala Svavarsdóttir

Fulltrúar á LH þing 2010

Sigurður Hrafn Jökulsson
Þórður Ingólfsson

Skemmtinefnd

Gunnar Örn Svavarsson, formaður
Margrét Guðbjartsdóttir
Skjöldur Orri Skjaldarson

8. Ákvörðun árgjalds. Fráfarandi gjaldkeri, Valberg Sigfússon, lagði til að árgjaldið verði óbreytt og var það samþykkt.

9. Önnur mál.

- a) Sigurður Hrafn tók til máls fyrir hönd Hrossaræktarsambands Dalamanna. Hann lýsti ánægju sinni með skemmtifundinn sameiginlega og lagði til að slíku samstarfi yrði haldið áfram. Hann sagði frá starfi sambandsins og þeim hestum sem væntanlega verða í boði í sumar á vegum þess.
- b) Eyþór ræddi þann hagnað sem varð á Fjórðungsmóti Vesturlands á síðasta ári og greindi frá því að Glaður fengi sinn hluta af hagnaðinum.
- c) Eyþór minntist á væntanlegan formannafund LH og óskaði eftir umræðu um ákvörðun stjórnar LH um landsmót í Reykjavík 2010. Ýmsir tóku til máls og komu fram miklar áhyggjur af því tjóni sem ákvörðun stjórnar LH virðist ætla að valda. Skiptar skoðanir komu fram um ágæti þess að halda landsmót í Reykjavík.

- d) Eyþór sagði frá tillögu sem Margrét Guðbjartsdóttir hafði sent stjórn og fjallaði um að reiðvegafé yrði notað til að laga leiðina upp á Sælingsdalsheiði sunnan megin. Eyþór hvatti líka félagana til að koma með fleiri tillögum í reiðvegamálu.
- e) Fram kom að hugmyndir eru um að Glaður, Faxi, Skuggi og Snæfellingur sameinist um úrtökumót fyrir Landsmót í sumar.
- f) Gunnar Örn lagði til að gert yrði átak í tiltekt og að snyrta svæðið kringum reiðhöllina og reiðvöllinn. Eyþór lagði til að Hestaeigendafélag Búðardals tæki þetta til skoðunar.
- g) Eyþór greindi frá því að til standi að haldinn verði félagsdagur á sumardaginn fyrsta í samvinnu við Hestaeigendafélagið, hestúsin verði opin og eitthvað um að vera í reiðhöllinni.

Að lokum tók Eyþór til máls, þakkaði Valberg vel unnin gjaldkerastörf og bauð Svölu velkomna til starfa í aðalstjórn. Hann þakkaði fyrir góðan fund og sleit honum kl. 22:15.

Þórður Ingólfsson, fundarritari (sign)
Guðbjörn Guðmundsson, fundarstjóri (sign)
Eyþór J. Gíslason (sign)